



Smáralind

Einkabanki, lífeyrissparnaður, verðbréfaþjónusta, útgjaldadreifing, tryggingar, farsímaþjónusta og tölvukaupalán. Þetta er aðeins hluti af þeirri heildarfjármálaþjónustu sem þú getur alltaf gengið að vísri undir einu þaki í Landsbankanum í Smáralind. Þar er opið til kl. 19 alla virka daga og til kl. 16 um helgar. Komdu í heimsókn þegar þú vilt.

Þannig verður lífið auðveldara.




Fréttabréf Lindasóknar

1. tbl. 1. árg. september 2002

LINDASÓKN FYRSTA GUÐSÞJÓNUSTAN

Næstkomandi sunnudag, 8. september kl. 14, verður fyrsta guðsþjónusta Lindasóknar haldin í Lindaskóla. Nýráðinn organisti, Hannes Baldursson, hefur þegar stofnað kór safnaðarins og mun sá kór leiða sönginn þegar við fyrstu guðsþjónustuna. Börn verða skírð í guðsþjónustunni og nýráðinn sóknarprestur, Guðmundur

Karl Brynjarsson, verður settur í embætti. Íbúar Lindaprestakalls, sem nær yfir Vatnsenda-, Sala- og Lindahverfi eru hvattir til að fjölmenna. Í þessa fyrstu guðsþjónustu safnaðarins, enda er hér um sögulegan atburð að ræða. Að athöfn lokinni verður boðið upp á léttar kaffiveitingar.



Merki prestakallsins



Útbúið hefur verið merki fyrir Lindaprestakall. Merkið, sem hér birtist með þessum orðum er einfaldur kross en þegar nánar er að gáð er nedri hlutin hans settur saman úr línunum sem eiga að mynda litlar öldur og minna þannig á lindarvatnið en efri hluti krossins, sem jafnframt myndar L, upphafsstaf prestakallsins er saman settur úr tilvísun í spámanninn Jesaja, þ.e. JES. 12.3. Tilvitnunin er: „Þér munuð með fögnuði vatni ausa af lindum hjálpræðisins.“

Þess mánaðarins

*Þú ert sem, sitt andartaki í einu,
eðl' það þín, fæðir, gefur mér.
„Nú ég þessa þú að kveða nema,
þegar Guð minni fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku síni
mínna daga skammt af sorg og freut,
sér til þess að færa leið og fjöni
fyrir skrefið hætt á lífs míns braut.
Sigurbjörn Einarsson*

*Guðhræðslan samfara nægjuseni er
níkull gróðavegur. Því ekkert hófum
vér um í heiminum flutt og ekki getum
vér heldur flutt neitt út þaðan.
T. Tindréusarhólf*

SJÁ INN Í BLAÐINU

- Tvær ófrískar í sóknarnefnd!
- Kirkjuklukkan í tölvupósti og SMS
- Kirkjukór stofnaður



LINDAPRESTAKALL



Starfsmenn
Söknarprestur
Guðmundur Karl
Brynjarsson,
Engjaseili 19,
Reykjavík.
Netfang:
guðmundurkarl
@kirkjan.is
Sími: 864 0554



Organisti
Hannes
Baldursson,
Veghúsum 13,
Reykjavík.

Söknarnefnd

Formaður:

Arnór L. Pálsson, Kórsölum 1

Varaformaður:

Berglind Gestsdóttir, Fjallalind 115

Ritari:

Ragna Guðmundsdóttir, Fjallalind
145

Gjaldkeri:

María Kristín Lárusdóttir, Blásölum 24

Medstjórnandi:

Þorvaldur Ólafsson, Íðalind 1

Varamenn

Anna Einarsdóttir, Ársölum 3

Magdalena Kristinsdóttir, Laugalind 4

Hafþór Freyr Sigmundsson,
safnaðarfulltrúi, Laugalind 6

Jóhann Hafsteinnsson, Ljósáland 4

Ragnheiður Guðmundsdóttir,
Galtalind 15

Símanúmer Lindasóknar sem

enn er ekki komið í gagnid

verður 544 4477.

Netfang: lindasokn@itn.is

Fréttabréf Lindasóknar

Ritnefnd:

Geir A Guðsteinsson, Galtalind 1

og Guðmundur Karl Brynjarsson

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Karl Brynjarsson

Ágæti lesandi.

Þú hefur fengið í hendurnar fyrsta tölublað Fréttabréfs Lindasóknar. Ekki veit ég hvort þú hefur gert þér grein fyrir því fyrir en nú að Lindasókn er sóknin þín. Til glöggvunar ber þess að geta að ákveðið var að stofna Lindasókn 1. janúar 2002. Sókninni tilheyrta Vatnsenda-, Sala- og Lindahverfi í Kópavogi, en fram til síðustu áramóta hafa þessi hverfi tilheyrð Hjallaskókn og verið þjónað frá Hjallakirkju í Kópavogi.

Stofnfundur Lindasóknar var haldinn um miðjan febrúar í Lindaskóla og var hann mjög fjölmennur. Á þeim fundi var kosið í söknarnefnd, fimm aðalmenn og fimm varamenn, til tveggja ára. Aðalmenn skipuðu svo valnefnd sem valdi prest í samvinnu við vígslubiskupinn í Skálholti og prófastinn í Eystra-Reykjavíkprófastdæmi. Í lok maí var undirritaður valinn til að gegna starfi söknarprests frá 1. júlí.


Tíminn sem síðan hefur liðið hefur farið í margvíslegan undirbúning, af minni hálfu og söknarnefndar, áður en helgihald hefst á vegum safnaðarins og í mörg horn að líta. Meðal annars auglýsti söknarnefnd eftir organista um mitt sumarið og nýverið var Hannes Baldursson valinn til starfans.

Lindasókn er söfnuður án kirkjuhúss og mun svo verða næstu árin. Skólayfirvöld í Lindaskóla hafa verið söfnuðinum innan handar með húsnæði undir helgihald og mun það verða haldið í skólanum þar til væntanleg kirkja kemst í gagnid.

Þótt kirkjuhúsið skorti verður engu að síður reynt að hafa safnaðarstarfið öflugt en frekari kynning á því er annars staðar í blaðinu.

Alltaf vantar fúsar hendur að leggja kirkjunni lið og ef þú, lesandi góður, hefur áhuga á að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem þegar er hafin í Lindasókn hvet ég þig til að hafa samband við mig eða söknarnefndarfólk.

sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, söknarprestur í Lindasókn.



KIRKJUKLUKKUR Í TÖLVUPÓSTI OG SMS

Þar sem engin kirkjubygging er til staðar í Lindaprestakalli og þar af leiðandi engar kirkjuklukkur mun verða boðið upp á nýstárlega þjónustu við kirkjugesti. Áhugasamir geta skráð netfang sitt á lista hjá lindasokn@itn.is eða guðmundurkarl@kirkjan.is og fengið tölvupóst á fimmtudegi um hvað til standi næstu helgi á eftir í prestakallinu. Einnig er mögulegt að fá SMS meldingu í GSM símann sinn kl. 10.30 á sunnudagsmorgnum um að nú sé messa að fara að hefjast. Með þessu móti verður enginn sem ekki óskar þess sérstakega vakinn af værum svefni af kirkjuklukkum í nágrenninu en klukkurnar góðu, öllu heldur símarnir góðu, munu kalla þá sem vilja til guðsþjónustu. SMS kirkjuklukkubjónustan verður komin í gagnid þegar næsta fréttabréf kemur út í október og verður auglýst nánar þá.

Af öðrum tæknimalum er það að fréttar að verið er að útbúa heimasíðu Lindasóknar sem komast mun í gagnid í septembermánuði. Slóð hennar lá ekki fyrir þegar fréttabréfið fór í prentun.

KIRKJUKÓRINN STOFNAÐUR

Nýverið sendi söknarnefnd Lindasóknar út dreifibréf til íbúa í sókninni og kallaði eftir fólki í kirkjukórinn. Stofnfundur og jafnframt fyrsta æfing var haldin þriðjudagskvöldið 27. ágúst í Lindaskóla og fór þátttaka fram úr björtustu vonum. Þrjátíu manns mættu til stofnfundarins og tóku lagid með nýráðnum organista Hannesi Baldurssyni. Augljóst var að mikill áhugi var meðal stofnfélaga og hljómaði kórinn ótrúlega vel strax á fyrstu æfingu. Enn er pláss fyrir söngelskt áhugafólk í kórnum en æfingar fara fram í Lindaskóla á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum kl. 20 í vetur.

Skírnir í Lindaprestakalli í ágúst

Hulda Helgadóttir sem býr á Vatnsendabletti 76 var skírð 6. ágúst í Hjallakirkju. Hulda er fyrsta barnið sem skírt er í Lindaprestakalli. Hún er dóttir Erlu Guðmundsdóttur og Helga Georgssonar.

Bjarni Valur Valdimarsson var skírður 18. ágúst í Hjallakirkju. Hann er sonur Sigrúnar Valþórsdóttur og Valdimars Þorsteinssonar. Fjölskyldan býr í Galtalind 19.

SÓKNARNEFNDARSTARF

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA -LÍKA VERÐANDI MÆÐUR

Met aðsókn var á stofufundi nýrrar sóknar (Lindasókn) sem mun þjóna Lindum, Sölum og Vatnsenda í febrúar síðastliðnum. Óvenju margir buðu sig fram til starfa og færri komust að en vildu í aðal og varastjórn sóknarinnar Sr. Gíslí Jónasson prófastur stýrði fundinum.

Það vakti athygli að tvær ungar konur sem báðar áttu von á barni voru kosnar í stjórn.

Þær Berglind Gestsdóttir sem er varaformaður söknarnefndar, hjúkrunarfræðingur og fjögurra barna móðir og Ragnheiður Guðmundsdóttir, markaðsstjóri og tveggja barna móðir sem situr í varastjórn ræddu við blaðamann ásamt Írisí Jónu Egilsdóttur og óskírðri Vildisdóttur sem verður borin til skírnar í fyrstu messu Lindasóknar þann 8. september nk.

Af hverju gáfu ungar mæður sem áttu auk þess báðar von á barni kost á sér í söknarnefnd?

Berglind: Ég hef alltaf haft mína barnatrú og líður vel og finn frið í trúnni. Það er gott að sækja messur og hlýða á hollan boðskap. Ég vil sjá ungar fjölskyldur í kirkjunni, öflugt barnastarf svo ekki sé minnst á öflugt starf fyrir aldrada.

Ég bauð mig einfaldlega fram, af því að mér líður vel í kirkjunni og hef áhuga á að byggja upp öflugt söknarstarf í Lindasókn.

Ragnheiður: Ástæður þess að ég bauð mig fram í söknarstarf eru helst þær að faðir minn er formaður söknarnefndar Fella og Hólakirkju og hef ég oft skrifað fyrir hann fundargerðirnar, og því kynnst lítillaga störfum söknarnefnda. Það var öðru fremur vegna hvatningar



Ragnheiður, Berglind, Íris Jóna og óskírð

föður míns að ég bauð mig fram. Ég hef mína barnatrú og mér er mjög umhugað að vel takist til við uppbyggingu söknarstarfsins, og tek undir með Berglindi að öflugt barnastarf sé mikilvægt, þar sem þorri safnaðar eru ungar fjölskyldur með börn. Með öflugu barnastarfi eru meiri líkur á að við náum til fjölskyldunnar og fyrirhuguð er skemmtileg uppsetning fjölskylduguðsþjónustu sem verður kynnt síðar. Við munum treysta á „heldri“ íbúa sóknarinnar að mæta vel í messur.

Helgihald og safnaðarstarf í vetur

Guðsþjónustur á vegum Lindaprestakalls munu fara fram í Lindaskóla næstu árin, eins og fram kemur annars staðar í blaðinu. Helgihald mun verða fjölbreytt og fjölskyldumiðað. Sunnudagaskóli og guðsþjónustur verða á sunnudögum kl. 11 nema annað sé auglýst. Annan hvorn sunnudag verða haldnar fremur hefðbundnar guðsþjónustur en á meðan þær fara fram verður börnum skipt eftir aldri í sunnudagaskólann sem mun fara fram í tveimur kennslustofum í Lindaskóla. Í annarri stofunni verður reynt að hafa efni við hæfi 0-5 ára barna en í hinni munu börn á aldrinum 6-9 ára safnast saman. Hina sunnudagana á móti verða haldnar svokallaðar fjölskylduguðsþjónustur. Um er að ræða guðsþjónustur með léttara sniði, sniðnar jafnt að þörfum ungra og gamalla. Í

þessum guðsþjónustum er gert ráð fyrir að börnin, sem alla jafna verður skipt í stofur í sunnudagaskólann, séu með og taki fullan þátt. Barnastarfið LLL sem Hjallakirkja starfrækti í Lindaskóla síðasta vetur mun einnig verða til staðar á komandi vetri og hefst síðar í haust. LLL starfið, sem stendur fyrir LITLIR LÆRISVEINAR Í LINDASÓKN er fyrir alla krakka í sókninni á aldrinum 10-12 ára. Í haust verður einnig farið af stað með unglingsstarf á vegum safnaðarins og mun það verða auglýst síðar. Heyrst hefur í ýmsum áhugasömum um að stofna safnaðarfélag í sókninni og verður spennandi að fylgjast með þróun þeirra mála. Um leið og söfnuðurinn hefur fengið athvarf, vonandi um miðjan októbermánuð, verður farið af stað með fjölskyldumorgna. Einnig hefur nokkuð verið spurt eftir Alfa námskeiðum en í bígerð er að halda fyrsta námskeiðið á vegum safnaðarins eftir áramót.



LINDABAKARÍ

